

Fundargerð háskólaráðs 1. október 2018

Meistarastofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastýra kennslu og þjónustu, Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara, Jón Snorri Snorrason (vm) fulltrúi kennara, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype) og Hafdís Jóhannsdóttir fulltrúi grunnema.

Áheyrnarfulltrúar: Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri og Signý Óskarsdóttir gæðastjóri (Skype).

Fjarverandi: Guðrún Björk Friðriksdóttir umsjónarmaður kennslukerfa og fulltrúi starfsmanna, Daníel Alexander fulltrúi grunnema.

Rektor býður nýja fulltrúa velkomna og kynnir starfshætti ráðsins, en fundað er að jafnaði mánaðarlega yfir vetrartímann.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. Innritanir og nemendatölur í upphafi haustannar

Rektor kynnir að 134 nýnemar voru innritaðir í grunnnám á haustönn 2018, 179 umsóknir voru samþykktar. 108 innrituðust í meistaranámið af 156 samþykktum umsóknum. Góðar tölur fyrir háskólastigið, en færri komu í Háskólagáttina. Líka ágæt innritun um síðastliðin áramót, því hefur fjölgað í skólanum á þessu ári. Rúmlega 600 nemendur í skólanum í upphafi haustannar.

3. Staða fjármála og húsnæðismála

Fjármálastjóri fer yfir milliuppgjör jan. – ágúst 2018. Annar rekstrarkostnaður nokkuð umfram áætlun, stafar af því að verið er að ganga frá uppgjóri vegna hótelsins. Skólinn er kominn í betri stöðu hvaðar varðar fjármagnsliði. Hann kynnir einnig spá um niðurstöðu ársins og gerir ráð fyrir einhverju tapi í lok ársins, en ekki umtalsverðu. Ljóst er að reksturinn er að batna verulega.

Fjármálastjóri fer einnig yfir stöðu húsnæðismála skólans. Rætt er um gistingu fyrir nemendur á vinnuhelgum, en nokkur vandræði munu hafa verið með að fá gistingu á fyrstu vinnuhelgi grunnema. Einnig voru árekstrar í bókunum á sölum. Fjármálastjóri og kennslustjóri munu biðja um fund með hóteltýru í vikunni.

4. Staðfesting á tilnefningum í fagráð um viðbrögð við kynbundnu og kynferðislegu áreiti og ofbeldi

Rektor upplýsir að starfsfólk skólans hafi kosið Dr. Sigrúnu Lilju Einarsdóttur deildarforseta félagsvísinda- og lagadeildar sem fulltrúa starfsfólks. Rektor leggur til að utanaðkomandi aðilar verði Sigurður Ragnarsson, sálfræðingur og Heiðrún Jónsdóttir hdl. Háskólaráð samþykkir þessa skipan.

5. Stefnumótunarvinna

Rektor segir frá stefnumótunarfundi skólans 2018 sem var haldinn í Reykholti 25. september sl. Hann hefur hafið undirbúning að gerð stefnu skólans fyrir árið 2019-2022. Rektor fer yfir framgang mála á árinu 2018, m.a. að innritun er góð, alþjóðavæðing er í góðum farvegi, fræðslusjóður er að gagnast vel, fagháskólakennsla er komin í gang, samstarf er í gangi við FOM í Þýskalandi og háskóla í Coventry, markaðsstarf er að ganga vel sem og Máttur kvenna. Sjálfsmatsskýrslu viðskiptadeildar er lokið, gæðahandbókin er í endurskoðun, skólinn er áfram aðili að Prme. Veikleikar eru t.d. að það vantar langtímaþjónustusamning við menntamálaráðuneytið, það sama á reyndar einnig við um aðra skóla á háskólastigi, ekki er komið nýtt nemendaskrár- og kennslukerfi, fækkun nemenda og íbúa á svæðinu. Þyrfti að fjölga akademískum starfsmönnum í félagsvísinda- og lagadeild, einnig í viðskiptadeild. Ekki nægileg virkni í rannsóknarsjóðnum. Hollvinasamtökin mættu vera virkari, fækkun nemenda í skiptinám og starfsnám.

6. Gæðamál – heimsókn fulltrúa Gæðaráðs

Gæðastjóri segir frá fundi með fulltrúa úr gæðaráði íslenskra háskóla, 24. september sl. Þar voru m.a. tveir fulltrúar nemenda. Þar voru m.a. niðurstöður úr innra mati viðskiptadeildar kynntar. Ytra mat skólans fer fram 2020 og er undirbúningur þegar kominn áleiðis, drög að efnisyfirliti og verkaskiptingu liggur fyrir.

Innan 3ja mánaða þarf skólinn að birta samantekt á íslensku og ensku úr sjálfsmatsskýrslu sinni á ytri vef skólans.

Gæðastjóri segir frá því að vinna í gæðahandbókinni haldi áfram og því verður vonandi lokið fyrir áramót, en reglur um nám og kennslu munu ekki taka gildi fyrr en á nýju skólaári.

Deildarforseti félagsvísinda- og lagadeildar upplýsir að vinna er hafin vegna ritunar sjálfsmatsskýrslu deildarinnar, búið er að finna einn fulltrúa nemanda í hópinn og ýmis undirbúningur er í gangi.

7. Nýjungar í námsframboði

Rektor kynnir að í viðskiptadeild er verið að ráðgera nýja línu í meistaranámi í forystu og stjórnun með áherslu á þjónandi forystu haustið 2020 á ensku og í BS námi með áherslu á verkefnastjórnun haustið 2019. Deildarforseti félagsvísinda- og lagadeildar kynnir að haustið 2019 verði nýjar línur í félagsvísinda- og lagadeild; BA í Creative Leadership, BA í opinberri stjórnsýslu, Master in International Political Economy (IPE) og Diplóma í fasteigna- fyrirtækja- og skipamiðlun er í undirbúningi. Rektor segir einnig frá því að verið er að skoða möguleika á samstarfi við Kaospilot skóla í Árósum um að koma á kennslu í samstarfi við skólann varðandi stjórnunarnám í Háskólanum á Bifröst. Þetta verði nám á ensku, Hjallastefnan tengist einnig þessari umræðu og áhugi er að ræða mögulega útfærslu varðandi menntun leikskólakennara.

9. Innleiðing á Uglu og val á nýju kennslukerfi

Kennslustýra kynnir undirbúning að innleiðingu Uglu í skólann, fyrir liggur verkáætlun sem miðast við að kerfið verði tekið upp í júlí 2019 í Háskólanum á Bifröst. Hún kynnir einnig að settur hafi verið á laggirnar vinnuhópur til að velja nýtt kennslukerfi fyrir skólann í honum eru fulltrúar nemenda, deilda og kennslusviðs. Ætlunin er að hópurinn ljúki störfum fyrir jól.

10. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 16.20

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir